

5. fundur, miðvikudagur 11. maí 2022

Mættir: Sigríður Lára, Sigurður Þ, Sigurður T, Berglind Bergs, Helena Bergström og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Umhverfisdagurinn. Gekk vel á yngsta stigi en eftir hádegi varð lítið úr sulli í læknum þar sem það var frekar kalt. Eins á unglingsstigi en eftir hádegi gekk ekki vel að fá nemendur í verkefni. Þarf að skoða betur næst. Fatasóunarverkefni gengu mjög vel.
- Ruslatínslan gekk mjög vel, lítið af rusli á skólalóðinni. Nú virðist hafa fokið rusl þegar gámarnir voru tæmdir og þyrfti að fara aftur að tína.
- Survivor er fimmtudaginn 19. Maí.
 - 8:10 morgunmatur í Furuhlíð
 - 8:30-12 Ratleikur. 7 stöðvar - ca 25 min á stöð. Hópar fá kort og þurfa ekki að fara á stöðvar í neinni sérstakri röð.
 - 12.00 Hádegismatur -
 - 12:30 Kynning á hlut sem flýtur og tilkynnt hver er Survivor hópur ársins.
 - 13:30 Brottför.
- Hugmyndir að verkefnum, þrautir með spýtur, smíða, semja lag, samstarfsleikur, acrosport verkefni, náttúru- eða fuglabingó, safna hlutum, spinna band,
- 13. Maí - ákveða hópar nafn, planleggja gullpinnasprell og slagorð. Skipuleggja hlut sem flýtur og hvað þarf í fánagerð.
- 16. Maí - hóparnir búa til hlut sem flýtur, fána og búning.
- Búið að velja liti fyrir hópana og þeir finna nafn á hópinn sem tengist skóginum.
- Gróðursetningadagurinn - ath með Eyjólf að koma að hjálpa.

Fundi slitið 14.50